

ÞINGGERÐ

44. ÞINGS U.M.S.K.

1966

PINGGERÐ

44. PINGS U.M.S.K.

ÞINGGERÐ 44. ÞINGS U. M. S. K.

- I. Ársping Ungmennasambands Kjalarnesþings það 44. í röðinni var haldið að Ásgarði í Kjós, sunnudaginn 20. nóv. 1966. Sambandsformaður Úlfar Ármannsson setti þingið með stuttu ávarpi. Gat hann þess að stjórnin hefði látið fjölríta ársskýrslu sína ásamt reikningum sambandsins og skrá yfir úrslit í þeim mótum, sem haldin voru á vegum sambandsins s.l. ár. Lá skýrsla þessi fyrir þingfulltrúum.
- II. Var síðan kosin kjörbréfanefnd og hlutu kosningu þeir Sigurður Geirdal, Birgir Guðmundsson og Þórir Hermannsson.
- III. Sigurður Geirdal skýrði frá álitum kjörbréfanefndar þess efnis að hún hefði ekkert við bréfin að athuga. Las hann síðan upp nöfn þingfulltrúa og kynnti þá.

Frá U. M. F. Dreng:

Haraldur Hjartarson, formaður.
Bergur Magnússon
Haraldur Jónsson
Magnús Sæmundsson
Ólafur Þór Ólafsson

Frá U. M. F. Kjalnesinga:

Gísli Snorrason, formaður
Bjarni Þorvarðarson

Frá U. M. F. Aftureldingu:

Guðjón Bjarnason, formaður
Jón M. Guðmundsson
Eyjólfur Magnússon
Gunnar R. Magnússon
Flemming Jessen
Kristinn Magnússon

Frá U. M. F. Breiðablik:

Berti Möller, formaður
Sigurður Geirdal
Magnús Kristjánsson
Ívar Jónsson
Björgvin Guðmundsson
Pálmi Gíslason
Valdimar Valdimarsson
Gestur Guðmundsson

Frá U. M. F. Stjarnan:

Birgir Guðmundsson, formaður
Ingvi Guðmundsson
Þorbjörg Hjörvarsdóttir
Eiríkur Brynjólfsson

Frá U. M. F. Bessastaðahrepps:

Hallgrímur Sigurðsson, formaður
Einar Ó. Guðmundsson

IV. Er kjörbréfin höfðu verið samþykkt voru kosnir starfsmenn þingsins:

1. þingforseti: Jón M. Guðmundsson
 2. " Pálmi Gíslason
 3. " Ólafur Þ. Ólafsson
- Ritarar: Sigurður Skarphéðinsson
Gunnar R. Magnússon

V. Tók þá Jón M. Guðmundsson við fundarstjórn og tók fyrir næsta lið á dagskrá kosningu kjörnefndar. Kom fram ein tillaga um eftirtalda menn og var hún samþykkt samhljóða:

Sigurður Geirdal
Birgir Guðmundsson
Gunnar Sigurðsson
Eyjólfur Magnússon
Gísli Snorrason
Þórir Hermannsson

VI. Skýrsla stjórnarinnar: Sambandsformaður Úlfar Ármannsson flutti skýrslu stjórnarinnar. Ræddi hann starf hennar vítt og breitt. Haldnir voru ellefu bókaðir stjórnarfundir, auk þess nokkrir aukafundir með ýmsum aðilum sambandsins. Tekin var upp sú nýbreytni að halda stjórnarfundina ákveðinn dag í mánuði hverjum, eða fyrsta mánudagskvöld hvers mánaðar. Einn fundur var haldinn með formönnum félaganna á s.l. vori. Ennfremur reyndi stjórnin að fá íþróttaráð til starfa en án árangurs. Formaður drap síðan á og skýrði það helsta í hinni fjölrituðu skýrslu.

Fulltrúar sambandsins sátu á ársþingum sérsambandanna, Í.S.Í.-þingi á Ísafirði og sambandsráðsfundi U. M. F. Í. á Sauðárkróki.

Bridge var nokkuð stundað, haldið var eitt hraðbridgemót í Hlégarði með þátttöku frá þrem félögum. Skákmót var ekki haldið. Þá ræddi formaður nokkuð fjármál sambandsins. Benti hann á að starfsemi sambandsins takmarkaðist af fjármagni því, sem það hefði, en það væru eingöngu styrkir sýslusjóðanna og útbreyðslustyrkur Í. S. Í.

Um handknattleik sagði formaður að áhugi fyrir honum hefði aukizt mikið í sumar einkum hjá stúlkum. Hefði hann verið iðkaður í fjórum félögum, en ekkert reglulegt mót verið haldið. Aftur á móti tók U. B. K. þátt í Íslandsméistaramótinu.

Sambandið stóð fyrir keppni í víðavangshlaupi milli allra barna- og miðskóla í héraðinu. Kepptu um 70 þátttakendur frá 10 skólum í úrslitakeppninni á Varmárvelli 24. apríl s.l.

Þá drap formaður nokkuð á knattspyrnuna, en hún er stunduð meira og minna hjá fjórum félögum. Þó nær eingöngu í yngri flokkunum, nema hjá U. B. K. þar er knattspyrna stunduð í öllum flokkum. Tók U. B. K. þátt í Íslandsmeistaramótinu og Bikarkeppni K. S. Í. Ekkert mót var haldið á vegum sambandsins.

Um frjálsar íþróttir sagði formaður að iðkendahópurinn hafi verið með stærsta móti nú í sumar en þó ekki nærri nógu stór. Héraðsnót var haldið í karla og kvennagreinum svo og sveinamót, "Fjögurra bandalaga" keppnin var að þessu sinni haldin á Akureyri U. M. S. K. sigraði, hlaut 83 stig. Tvö sambandsmet voru sett á árinu. Arndís Björnsdóttir setti met í spjótkesti kvenna og Lárus Sárusson í kúluvarpi karla. Einnig gat hann góðs árangurs

þeirra Þorsteins Alfreðssonar í kringlukasti og Þórðar Guðmundssonar í hlaupum. Formaður gat þess að mikið багаði iðkun og keppni í frjálsum íþróttum að ekki væri til löglegur keppnisvöllur á sambandssvæðinu.

Áhugi fyrir glímu sagði formaður að færi vaxandi. U. M. S. K. hafi verið falið að sjá um fjórðungsglímumót sunnlendingafjórðungs. Mótið var haldið í samkomuhúsinu að Garðaholti 30. apríl s.l. Voru keppendur allir frá U. M. S. K. Var keppt um glæsilegt glímuhorn, sem Mjólkurbú Flóamanna gaf.

Í lok ræðu sinnar gat formaður þess að á síðasta sambandsþingi hefði verið samþykkt að árlega skuli veita einum afreksmanni í félagsmálum og einum í íþróttum, viðurkenningu fyrir góða frammistöðu. Hafi því stjórnin ákveðið að veita viðurkenningu þeim Sig. Geirdal fyrir félagsmál og Þorsteini Alfreðssyni fyrir íþróttir. Bað hann formann U. B. K. Berta Möller að veita viðtöku í fjarveru Þorsteins fallegru áletraðri styttnu. Ennfremur Sig. Geirdal að taka á móti samskonar styttnu.

Að veitingu þessari lokinni hvatti formaður félögin til aukinna starfa, þakkaði traust það er sér og stjórninni hafi verið sýnt á s.l. ári, en gat þess að hann gæfi ekki kost á sér til kjörs í stjórn sambandsins að sinni.

VII. Að lokinni ræðu formanns Úlfars Ármannssonar tók gjaldkeri sambandsins Sigurður Skarphéðinsson til máls og skýrði reikninga sambandsins.

| | |
|---------------------------------|---------------|
| Tekjur á starfsárinu voru | kr. 55.347,20 |
| Gjöld | " 44.385,00 |
| Tekjuafgangur | " 10.962,20 |
| Skuldlaus eign | " 71.590,04 |

Birgir Guðmundsson gerði smá fyrirspurn, sem Sig. Skarphéðinsson svaraði.

Sig. Geirdal tók þá til máls og þakkaði sýndan heiður sér til handa. Einnig sagðist hann vilja geta þess til viðbótar við skýrsluna, að Þórður Guðmundsson hefði slegið á s.l. sumri 44 ára gamalt met Guðjóns Júlíussonar í 5000 m hlaupi.

Síðan var skýrslan og reikningar sambandsins samþ. samhljóða.

VIII. Þátttaka U.M.S.K. í 13. landsmóti U.M.F.Í. : Sigurður Geirdal flutti framsöguræðu um þetta mál. Ræddi hann fyrst um getu U.M.S.K. á síðasta landsmóti og ræddi nokkuð um þær greinar, sem sambandið stóð sig slaklega í. Sundið t.d. í þeirri grein hafi enginn keppandi verið og væri það mjög lélegt, þar sem aðstaða hefði verið komin með Varmárlaug til iðkunar sunds. Sagði hann að við svo búið mætti ekki standa, heldur yrði að taka málið föstum tókum strax. Aftur á móti, hefði árangur í glímu, handknattleik og knattspyrnu verið góður, þó hann gæti verið betri og í frjálsum íþróttum sæmilegur. Um starfsíþróttir sagði Sigurður að árangur U.M.S.K. hefði verið góður í sumum greinum en vantað fjölbreytnina. T.d. hafi verið góður árangur í búfjárdómum, en alveg vantað þáttöku í sumar greinar starfsíþróttanna. Sagði hann að til væru hæfir menn til leiðbeininga og þyrfti að fá þá til starfa. Ennfremur vantaði konu til að leiðbeina stúlkunum í þeirra greinum.

Ennfremur ræddi Sigurður nokkuð um körfuknattleik. Taldi hann heppilegast að fá einn mann til að koma upp liði.

Að endingu sagði hann að með þáttöku í öllum greinum á næsta landsmóti væri sigurinn vís. En þetta væri erfitt og mikið starf yrði því að byrja strax af festu og áhuga.

Á meðan Sigurður Geirdal flutti ræðu sína hafði Ármann Pétursson framkvæmdastjóri U.M.F.Í. gengið í salinn og bauð fundarstjóri hann velkominn um leið og hann gaf orðið laust.

Úlfar Ármannsson tók til máls og ræddi möguleika á því að U.M.S.K. tæki að sér landsmót á komandi árum. Ræddi hann meðal annars um Varmá í Mosfellssveit, sem heppilegt svæði og myndi það reka á eftir framkvæmdum við íþróttamannvirki þar. Sagði Úlfar að U.M.S.K. væri "komið á blað" hjá U.M.F.Í., sem væntanlegur landsmótshaldari.

Næstur tók Pálmi Gíslason til máls. Hann tók undir orð Sig. Geirdal um sigurmöguleika á næsta landsmóti. Pálmi gat þess að til umræðu væri hjá U.B.K. að byggja íþróttahús úr plastdúk. Væri mikill áhugi fyrir því þar í félaginu og væri unga fólkið staðráðið í að það verði komið upp að hausti. Þá sagði hann að vegna lélegra aðstæðna misstu þeir unga fólkið til Reykjavíkurfélaganna. Ennfremur beindi hann spurningu til formanns um

Íþróttafélag á Seltjarnarnesi.

Jón M. Guðmundsson tók næstur til máls. Gat hann þess að á síðasta aðalfundi U.M.F.A. hafi stjórninni verið heimilað að skipa fulltrúaráð til eflingar félaginu. Taldi hann þetta þess virði, að tekið yrði til athugunar hjá hinum félögunum. Ennfremur ræddi hann um að eðlilegt væri að stjórn íþróttar og félagsmála á Reykjanesi væri undir einni stjórn. Þá vék Jón nokkuð að íþróttum og kastaði meðal annars fram þeirri spurningu hvort ekki væri heppilegt að einstök félög í sambandinu sérhæfðu sig í sérstökum greinum. T.d. U.M.F. Drengur, starfsíþróttir, Afturelding sund o. s. frv.

Jón taldi að félagsþreyta hrjáði fólk á sambandssvæðinu, mikil vinna byðist og unga fólkið stæði í húsbýggingum. Þess vegna væri erfitt að fá ungt fólk til starfa að íþróttar og félagsmálum. En þeim eldri ber einnig skylda til að styrkja og styðja þá yngri sagði Jón að lokum.

Eyjólfur Magnússon tók næstur til máls. Sagðist hann vilja ítreka fyrri ummæli sín um að stórhættulegt væri að fara með óæft fólk til keppni heilsufarslega séð. Vegna ummæla sig. Geirdal um aðstöðu til sundþjálfunar í Varmárlaug, sagðist hann vilja benda á að enginn keppandi kæmi frá þeim stöðum þar sem opin sundlaug væri. Ennfremur varaði Eyjólfur við ofþjálfun unglinga, taldi mörg dæmi þess að menn hefðu fyrirgert heilsu sinni með ofþjálfun á unglingsárum.

Úlfar Ármannsson lýsti ánægju sinni yfir líflegum umræðum. Svaraði fyrirspurn Pálma Gíslasonar um íþróttafélag á Seltjarnarnesi. Sagði það ekki formlega stofnað en taldi að það yrði á næstunni. Einnig sagðist hann hafa átt tal við formenn fél. á Suðurnesjum. Þar væru fjögur félög á aðildar að sambandi, en þeir hefðu áhuga á aðild að sambandi til þátttöku á næsta landsmóti. Þá ræddi hann um tilmæli U.Í.A. um netahnýtingu og beytingu úr stökk, sem keppnisgrein á næsta landsmóti.

Sigurður Geirdal tók næstur til máls. Taldi að eitt ár væri nægur tími til stefnu varðandi undirbúning og þjálfun fyrir næsta landsmót. Sagði það fyrru hjá Eyjólfu Magnússyni að ekki kæmi sundfólk frá þeim félögum sem opnar laugar væru. Einnig sagði hann að menn mættu ekki einblína á aðstöðuleysið og afsaka allt

með því.

Nokkrar frekari umræður urðu um þessi mál og tóku þeir Eyjólfur M., Úlfar, Jón M. Guðmundsson og Sig. Geirdal til máls.

Berti Möller ræddi um körfuknattleik. Sagði að þetta væri grein, sem margt af ungu fólki í Kópavogi, sem hefði áhuga fyrir honum. Undirbúning við að koma upp liði þyrfti að hefja strax og taldi að auðvelt væri að fá þjálfara.

Er Berti hafði lokið máli sínu var gert matarhlé.

Þegar fundur var settur að nýju, gaf fundarstjóri Ármanni Pétursyni orðið. Ármann hóf mál sitt með því að þakka tillag

U. M. S. K. til íþróttta og félagsmála. Síðan ræddi hann um væntanlegt landsmót að Eiðum. Ræddi hann aðalega um skipulag mótsins, svæðaskiftingu fyrir undankeppni í flokkaíþróttum o. fl. Einnig gat hann þess að félög frá sjávarplássunum, hefðu óskað eftir því að greinar úr sjávarútveginum yrðu teknar inn í starfsíþróttirnar. Þá ræddi hann um landskeppni í skák á vegum sambandanna og fræðslukerfi í þeim greinum, sem vantaði þjálfara í. Sagði að til stæði að hafa bréfaskóla í 2-3 greinum til að byrja með.

Eysteinn Þorvaldsson tók næstur til máls en hann er ritstjóri Skinfaxa málgagns U. M. F. Í. Sagði hann að ritið ætti erfitt uppdráttar. Útgáfan hafi stöðvast um nokkur ár en verið vakin upp aftur er hann tók að sér ritstjórn blaðsins. Nú væri takmarkið að fjögur rit kæmu út árlega. Þar sem Skinfaxi væri málgagn ungmennafélaganna ættu þau að vinna ötullega að útbreyðslu ritsins og takmarkið væri að það kæmi á hvert heimili.

- IV. Er Eysteinn hafði lokið máli sínu var tekið fyrir álit kjörnefndar og var samþykkt eftirfarandi niðurröðun hennar í nefndir:

Allsherjar- og skipulagsnefnd:

Gestur Guðmundsson

Guðjón Bjarnason

Magnús Sæmundsson

Eiríkur Brynjólfsson

Einar Ó. Guðmundsson

Berti Möller

Íþróttanefnd:

Þórður Guðmundsson
Hallgrímur Sigurðsson
Flemming Jessen
Ólafur Þ. Ólafsson
Ingvi Guðmundsson
Kristinn Magnússon
Valdimar Valdimarsson

Félagsmálanefnd:

Pálmi Gíslason
Haraldur Jónsson
Lísa Einarsdóttir
Þorbjörg Hjörvarsdóttir
Gunnar R. Magnússon
Ívar Jónsson

Fjárhagsnefnd:

Sigurður Skarphéðinsson
Björgvin Guðmundsson
Haraldur Hjartarson
Bjarni Þorvarðarson
Bergur Magnússon
Magnús Kristjánsson

Tillögur til nefnda:

Berti Möller bar fram tillögu um körfuknattleik. Tillögunni vísað til íþróttanefndar án umræðu.

Ingvi Guðmundsson bar fram tillögu um glímunámskeið og var tillögunni umræðulaust vísað til íþróttanefndar.

Úlfar Ármannsson bar fram tillögu um ráðningu framkvæmdastjóra fyrir sambandið og um fjölgun félaga í sambandinu. Tillögunum vísað til fjárhagsnefndar og félagsmálanefndar.

Jón M. Guðmundsson kom með tillögu um umsókn um fjárstyrk frá Garðahrepp. Vísað til fjárhagsnefndar.

- XI. Fréttir frá sambandsfélögum: Þar töluðu þeir
Þórir Hermannsson frá U. M. F. Dreng
Bjarni Þorvarðars. " " Kjalnesinga
Gestur Guðmunds. " " Breiðablik
Úlfar Ármannss. " " Bessast.hrepps
Birgir Guðmundss. " " Stjörnunni

Röktu þeir starfsemi félaganna í stórum dráttum.
Var síðan gert fundarhlé á meðan nefndir störfuðu.

- XII. Er nefndir höfðu lokið störfum var fundur settur að nýju og tekið fyrir álit nefndanna.

Pálmi Gíslason flutti tillögur félagsmálanefndar, sem voru þessar.

1. Um bridge og skákmót. (Þingskjal nr. 1)
2. Um sameiginleg skemmtikvöld félaganna. (Þingskjal nr. 2)
3. Um veitingu viðurkenninga fyrir íþrótt og félagsmál.
(Þingskjal nr. 3)
4. Um stækkun sambandssvæðisins. (Þingskjal nr. 4)

Allar tillögurnar voru samþykktar umræðulaust og samhljóða nema fjórða tillagan, sem var samþykkt með þorra atkvæða gegn 3.

Tillögur allsherjarnefndar flutti Gestur Guðmundsson:

1. Um fyrirlestra um félags- og íþróttamál o. fl.
(Þingskjal nr. 5)
2. Um endurheimt handritanna. (Þingskjal nr. 6)
3. Um landsmótsstað á sambandssvæðinu. (Þingskjal nr. 7)

Allar tillögurnar samþykktar samhljóða og án umræðna.

Tillögur íþróttanefndar flutti Þórður Guðmundsson:

1. Um keppni í hópíþróttum innan sambandsins. (Þingskjal nr. 8)
2. Um körfuknattleikslið o.fl. (Þingskjal nr. 9)
3. Um glímunámskeið. (Þingskjal nr. 10)
4. Um löggildingu dómara í frjálsum íþróttum. (Þingskjal nr. 11)
5. Um stækkun íþróttakennaraskólans. (Þingskjal nr. 12)

Allar tillögurnar samþykktar samhljóða.

Tillögur fjárhagsnefndar flutti Sigurður Skarphéðinsson, en þær voru þessar:

1. Um ráðningu framkvæmdastjóra. (Þingskjal nr. 13)
2. Frávísunartillaga um fjárstyrk frá Garðahrepp. (Þingskj nr. 14)
3. Um skatt félaganna til sambandsins. (Þingskjal nr. 15)
4. Um þakkir til styrkveitenda. (Þingskjal nr. 16)
5. Um bílstyrk til fráfarandi formanns. (Þingskjal nr. 17)
6. Um afskriftir á afmælisriti o.fl. (Þingskjal nr. 18)
7. Fjárhagsáætlun. (Þingskjal nr. 19)

Allar tillögurnar samþykktar samhljóða og án umræðna.

Tillögur kjörnefndar um fulltrúa á þing Í.S.Í. og ársþing sér-sambandanna o.fl.

Fulltrúar á þing Í.S.Í. :

1. Jón M. Guðmundsson
2. Gestur Guðmundsson

Varamenn:

1. Sigurður Geirdal
2. Sigurður Skarphéðinsson

Fulltrúar á þing F.R.Í.:

1. Eyjólfur Magnússon
2. Ragna Lindberg
3. Þórður Guðmundsson
4. Sigurður Geirdal
5. Pálmi Gíslason

Varamenn:

1. Birgir Guðmundsson
2. Hallgrímur Sigurðsson
3. Flemming Jessen
4. Ólafur Þ. Ólafsson
5. Hörður Ingólfsson
6. Einar Sigurðsson

Fulltrúar á þing K. S. Í.:

1. Daði Jónsson
2. Björgvin Guðmundsson
3. Jóhann Jóhannsson
4. Tómas Sturlaugsson
5. Guðmundur Óskarsson

Varamenn:

1. Eyjólfur Magnússon
2. Dagbjartur Björnsson
3. Valdimar Valdimarsson
4. Jónas Þór
5. Sigurjón Valdimarsson

Fulltrúar á þing H. S. Í.:

1. Magnús Kristjánsson
2. Hilmar Björnsson
3. Þuríður Hjaltadóttir

Varamenn:

1. Arndís Björnsdóttir
2. Guðmundur Þórðarson
3. Elín Lára Sigurðardóttir

Fulltrúar á þing G. L. Í.:

1. Yngvi Guðmundsson
2. Pálmi Gíslason
3. Ívar Jónsson
4. Njáll Guðmundsson

Varamenn:

1. Sig Geirdal
2. Lárus Lárusson
3. Ármann J. Lárusson
4. Ríkharður Jónsson

Héraðsdómstóll U. M. S. K.

Tómas Lárusson

Endurskoðendur:

Lárus Halldórsson og Ólafur Ág. Ólafsson.

Til vara: Guðjón Hjartarson og Jón Ólafsson.

Allar þessar tillögur kjörnefndar voru samþykktar einróma.

- XIII. Þegar kom að stjórnarkosningu flutti Sig. Geirdal tillögu kjörnefndar um stjórn sambandsins að undanskildum formanni. Sigurður skýrði frá því, að ekki þætti fært að kjósa formann nema að fá hans samþykki fyrir því áður. Nú hafði brugðið svo við, að engin hafi ennþá fundizt, sem vildi taka að sér embætti formanns U. M. S. K., vegna þess hvað þetta útheimti mikla vinnu. Var því samþykkt eftirfarandi tillaga:

"44. þing U. M. S. K., haldið 20. nóv. 1966, samþykkir, að formenn félaganna skuli fara með atkvæði þingfulltrúa við kosningu formanns, á til þess boðuðum fundi síðar. Þangað til gegni Úlfar Ármannsson störfum formanns."

Tillögur nefndarinnar um aðra menn í stjórn voru samþykktar samhljóða, en þær voru þessar:

Varaformaður: Gestur Guðmundsson

Meðstjórnendur: Birgir Guðmundsson
Gísli Snorrason
Þórir Hermannsson
Sigurður Skarphéðinsson

Varamenn: Úlfar Ármannsson
Einar Ellertsson
Pálmi Gíslason
Jóhann I. Jóhannsson
Eyjólfur Magnússon
Hallgrímur Sigurðsson

- XIV. Önnur mál:

Sigurður Geirdal þakkaði Úlfari Ármannssyni fyrir sérstaklega ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári og fyrir mikið starf í þágu sambandsins á liðnum árum.

Úlfar Ármannsson þakkaði það traust, sem sér hefði verið sýnt á liðnum árum og óskaði þinginu allra heilla.

XV. Þingforseti las upp skeyti, sem þinginu hafði borizt frá Í.S.Í., þar sem það óskaði þinginu alls hins bezta í störfum.

Einnig mæltist forseti til þess, að sambandsstjórn yrði falinn frágangur þinggerðar. Var það samþykkt.

Því næst þakkaði hann þingfulltrúum vel unnin störf á þinginu, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði síðan 44. ársþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings slitið.

Sig. Skarphéðinsson
(sign.)

Gunnar R. Magnússon
(sign.)

ÞINGSKJÖL

1. 44. þing U. M. S. K. skorar á væntanlega stjórn að halda bæði bridge og skákmót í vetur.
2. 44. þing U. M. S. K. felur stjórn sambandsins að athuga möguleika á að koma á sameiginlegu skemmtikvöldi, þar sem öll félögin leggi fram stutta skemmtidagskrá.
3. 44. þing U. M. S. K. leggur til að stjórn sambandsins skipi þriggja manna nefnd skömmu fyrir sambandsþing, sem taki ákvörðun um hverjir hljóti viðurkenningu fyrir íþróttafrek og félagsstörf fyrir líðandi starfsár.
4. 44. þing U. M. S. K. telur ástæðu til að athuga möguleika á að stækka núverandi félagssvæði, enda undirbúi stjórn sambandsins lagabreytingu í þá átt fyrir næsta þing.
5. 44. þing U. M. S. K. samþykkir að fela stjórn sambandsins að boða stjórnir sambandsfélaganna á fund þar sem syrirlestrar væru haldnir um félagsmál fundarsköp og íþróttamál.
6. 44. þing U. M. S. K. fagnar endurheimt Íslenzku handritanna, sem geymd hafa verið í Danmörku en flytjast nú heim.
7. 44. þing U. M. S. K. samþykkir að fela sambandsstjórn að rifja málið upp frá síðasta þingi varðandi sameiginlegan landsmótsstað, meðal annars með því að skrifa Sambandi sveitarfélaga Reykjaneskjördæmis um að sveitastjórnir styrki þetta mál.
8. 44. þing U. M. S. K. skorar á stjórn sambandsins að koma á hóp-íþróttakeppni (knattsp. og handkn. l.) innan sambandsins.
9. 44. þing U. M. S. K. felur stjórninni að koma upp körfuknattleiksliði innan sambandsins, með það fyrir augum að keppa á næsta landsmóti og síðan til keppni á öðrum mótum í framtíðinni.
10. 44. þing U. M. S. K. felur stjórninni að koma á glímunámskeiðum á sambandssvæðinu sjálfstætt og eða í samráði við skólana.
11. 44. þing U. M. S. K. beinir því til stjórnar sambandsins að hún skrifi stjórn F. R. Í. og óski eftir löggildingu nokkurra manna,

sem hún bendir á, sem dómara í frjálsum íþróttum.

12. 44. þing U.M.S.K. skorar á menntamálaráðuneytið og Alþingi að flýta stækkun Íþróttakennaraskólans að Laugarvatni vegna þjálfaraskorts í landinu.
13. 44. þing U.M.S.K. heimilar stjórn sambandsins að ráða framkvæmdastjóra hluta af árinu.
14. 44. þing U.M.S.K. vísar frá framkominni tillögu um fjárstyrk frá Garðahrepp.
15. 44. þing U.M.S.K. ákveður að skattur félaganna til U.M.S.K. skuli vera óbreyttur, eða kr. fimmtán af hverjum skattskyldum félagi.
16. 44. þing U.M.S.K. þakkar þeim aðilum sem styrkt hafa sambandið með fjárframlögum vegna starfsemi þess.
17. 44. þing U.M.S.K. leggur til að fráfarandi formanni, Úlfari Ármannssyni verði veittar kr. 2.000,00 í bílastyrk fyrir síðastliðið ár.
18. 44. þing U.M.S.K. samþykkir að eign í afmælisriti kr. 22.325,65 skuli afskrifast að fullu á næsta ári, einnig skuld verzlunarinnar Esju (Kristj. Gíslason) kr. 600,00.

19. Fjárhagsáætlun:

Tekjur:

| | | |
|---|-----|-----------|
| 1. Skattur frá sambandsfélögun | kr. | 7.500,00 |
| 2. Iðgjald í slysatryggingasjóð Í.S.Í. | " | 5.500,00 |
| 3. Styrkur frá sýslusjóði Kjósarsýslu | " | 50.000,00 |
| 4. " " " Gullbringusýslu ... | " | 35.000,00 |
| 5. " " " Kópav.kaupstað ... | " | 20.000,00 |
| 6. " " " Búnaðars. Kjalarn. | " | 1.000,00 |
| 7. Útbreyðslustyrkur Í.S.Í. | " | 11.000,00 |
| 8. Fjáröflunartekjur | " | 55.000,00 |
| 9. Seldir íþróttabúningar | " | 10.870,00 |
| 10. Vextir | " | 800,00 |

Samtals Kr. 196.670,00

Gjöld:

| | | |
|--|-----|------------|
| 1. Skattar og iðgjöld | kr. | 10.500,00 |
| 2. Lagt í landsmótssjóð | " | 5.000,00 |
| 3. Stjórnarkostnaður (laun framkv. st. o.fl.) | " | 115.000,00 |
| 4. Kostn. v. íþrótt- og félagsmála | " | 65.000,00 |
| 5. Annar kostnaður | " | 1.170,00 |

Samtals Kr. 196.670,00

Viðauki:

KOSNING FORMANNS U. M. S. K.

Mánudaginn 13. febrúar 1967 var haldinn fundur að Café Höll í Reykjavík, með formönnum félaga í U. M. S. K. í þeim tilgangi að kjósa formann fyrir sambandið eins og lagt var fyrir af síðasta þingi U. M. S. K.

Úlfar Ármannsson settur formaður sambandsins setti fundinn. Lýsti hann yfir að Gestur Guðmundsson hafi fengist til að gefa kost á sér til kjörs formanns. Las Úlfar upp eftirfarandi tillögu, sem samþykkt var af formönnum, eða fulltrúum þeirra.

"Við undirritaðir, formenn í ungmennafélögum innan Ungmennasambands Kjalarnesþings, samkvæmt samþykkt frá síðasta sambandsþingi, kjósum hér með eftirtalda menn í stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþ.

Formaður: Gestur Guðmundsson
Varaform: Þórir Hermannsson
Aðrir í stjórn: Sigurður Skarphéðinsson
Birgir Guðmundsson
Gísli Snorrason
Hallgrímur Sigurðsson
Varamenn í stjórn: Úlfar Ármannsson
Einar Ellertsson
Pálmi Gíslason
Jóhann I. Jóhannsson
Eyjólfur Magnússon
Jón Ólafsson

Reykjavík, 13. fer. 1967.

Umf. Drengur: Haraldur Hjartarson (sign.)
" Kjalarnes: Gísli Snorrason (sign.)
" Aftureldin: Sigurður Skarphéðinsson (sign.)
" Breiðablik: Berti Möller (sign.)
" Stjarnan: Birgir Guðmundsson (sign.)
" Bessastaðahr.: Hallgrímur Sigurðsson (sign.)

Sig. Skarphéðinsson
(sign.)